

**Mál nr. 382/2020****M og  
V vegna ábyrgðartryggingar X****Fall við inngang verslunar 12. febrúar 2018.****Gögn.**

Málskot mótttekið 6. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags. 25. nóvember 2020.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þegar hann kveðst hafa runnið í hálfu við inngang verslunar X um kl. 11.50 hinn 12. febrúar 2018. Í málinu liggur fyrir handskrifuð yfirlýsing dags. 1. febrúar 2019 frá vegfaranda sem átti leið inn í verslunina á sama tíma og M og segir þar: „...mikil hálfka var fyrir utan búðina og virtist ekki hafa verið saltað eða sandað fyrir utan þann dag sem slysið átti sér stað.“

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans þar sem starfsmenn X hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að hálfkuverja svæði fyrir utan verslunina þann dag sem M slasaðist. M byggir á að nægilega sé sýnt fram á þá vanrækslu með lýsingu vegfaranda af aðstæðum. Einnig vísar M til þess að óskað hafi verið eftir upptökum úr myndavélum við verslunina tveimur dögum eftir slysið og verslunarstjóri X hafi ætlað að senda þær til V. M telur að beita þurfi strangara sakarmati en almennt þegar saknæmi X sé metið sem verslunar sem veiti þjónustu og veðuraðstæður hafi verið með þeim hætti fyrir slysið að full ástæða hefði verið til að bregðast við hálfku.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að ósannað sé að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar þann dag sem M slasaðist við verslun X. V telur að tengsl séu milli M og vegfaranda sem hafi gefið yfirlýsingu um aðstæðurnar og þannig verði ekki byggt á þeim vitnisburði. Einnig bendir V á að engar samtímaupplýsingar liggi fyrir um slysið M heldur hafi X ekki verið tilkynnt um það fyrr en tveimur dögum eftir að það átti sér stað.

**Álit.**

Til þess að skaðabótaábyrgð stofnist þarf að sýna fram á að það hafi ekki verið farið eftir þeim fyrirmælum eða háttænisreglum sem koma fram í löggjöf eða öðrum reglum eða aðstæður hafi verið með þeim hætti að X hafi borið að gera sérstakar ráðstafanir, t.d. varðandi hálfkuvarnir, við inngang að verslun fyrirtækisins. M ber sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar.

Í máli M er ágreiningslaust að hann féll við fyrir utan inngang verslunar X. Þó liggi fyrir vitnisburður eins vegfaranda um það að „...virtist ekki hafa verið saltað eða sandað.“, verður ekki talið að það sýni með afgerandi hætti að það hafi ekki verið gert eða að starfsmönnum X hafi borið að gera þær ráðstafanir vegna mögulegrar hálfku. Slysið M varð rétt fyrir hádegi á tíma sem vænta má að sólargangur sé þannig að dagljóst sé orðið. Einnig má ætla að fleiri viðskiptavinir hafi átt sömu leið og ekki liggur fyrir að fleiri slysi hafi orðið þennan morgun. Verður því ekki fallist á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt varðandi slysið M heldur hafi verið um óhappatílið að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.